

Víðidalstunga II: Fréttir desember 2009

Það stýttist í að við tökum eitthvað af hrossum inn hjá okkur. Birtutíminn er að vísu ansi stuttur eins og flestir vita og því lítið hægt að ríða út en það breytist áður en maður veit af. Búið er að taka allt fé á hús og búið að klippa svo nú fer að verða tími fyrir hrossin. Þau hafa haft það gott á haustbeitinni þar sem tíðin var góð í nóvember.



Aþena Illingsdóttir er komin á járn og er í þjálfun á Lækjamóti hjá Þóri Ísólffssyni. Það gengur mjög vel með hana. Á myndunum: Aþena og Ísólffur Línal Þórisson.





Álfrún var send í frumtamningu á Hóla í haust þar sem namar á öðru ári temja trippin. Álfrún var útskrifuð 21. nóvember s.l. og sóttum við hana þá. Okkur leist vel á hana og þá tamningu sem hún hafði fengið hjá Rósu Birnu sem tamdi hana. Álfrún er núna í fríi og verður tekin inn um miðjan desember.

Unghross í tamningu

Einnig tökum við **Sóldögg** inn (sjáðu bls 2) þar sem stefnt er á að senda hana í þjálfun í vetur. Einhver fleiri munu koma á hús í desember.


Stjörnunótt og ungi stóðhesturinn **Kardínáli** fóru í tamningu í Hrísa til Fanneyjar og Loga í byrjun nóvember og gengur ágætlega með þau. Við höfum góða reynslu af því að senda í tamningu til þeirra og hlökkum til að sjá þessi trippi í reið. Það koma vonandi myndir af þeim í næstu fréttum.



Seld hross og nýir eigendur þeirra



Aðeins seldist af folöldum í haust og fara þau flest til Þýskalands þegar fram líða stundir. Hérna er hluti þeirra með mæðrum sínum: **Næmur** (Vanessa Haack) og **Hrund**, **Rysja** (Inga) og **Stelpa**, **Bragi** (Katharina Niehage) og **Keðja**.



Einnig seldist **Rós** til Þýskalands en hún verður hér áfram í uppeldi (neðst hægra megin). Rós er mjög falleg unghryssa undan Roða frá Múla og ef hún stendur sig eins vel og systur hennar Álfrún og Aþena eru að gera í tamningunni þá ætti nýr eigandi Christiane Thews að verða ánægð með kaupin. Ein systir þeirra er til sölu, Pia (smelltu hérna).



Hrossin hafa haft það gott á haustbeitinni

Við tókum nokkrar myndir um miðjan nóvember og einnig um síðustu helgi, en þá var kominn snjór.

Þar sem jólin eru framundan sendum við lesendum óskir um gleðileg jól!



Fluga og Rós



Pía



Sóldögg



Jódís



Ungar hryssur



Stóðið

